

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Mannauðsdeild Ráðhúss

***Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa
Sósíalistaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um kynningu á viðhorfs- og
starfsánægjukönnun B-hluta fyrirtækja***

Þann 19. júlí 2018 var svohljóðandi fyrirspurn lögð fram af borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um kynningu á viðhorfs- og starfsánægjukönnun B- hluta fyrirtækja.

Óskað er eftir kynningu á niðurstöðu úr viðhorfskönnun/starfsánægjukönnun starfsmanna fyrirtækja borgarinnar, þar sem slík könnun hefur verið gerð, á næsta reglulega fundi borgarráðs. Um er ræða fyrirtæki á borð við Félagsbústaði, Faxaflóahafnir, Malbikunarstöðina Höfða, Orkuveitu Reykjavíkur, Sorpu bs. og Strætó bs.

Með bréfi dags. 25. júlí sl. var óskað eftir umsögn mannauðsdeildar Ráðhúss við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um kynningu á viðhorfs- og starfsánægjukönnun B-hluta fyrirtækja.

Mannauðsdeild Ráðhúss kynnir niðurstöður viðhorfs- og starfsánægjukannana Reykjavíkurborgar fyrir borgarfulltrúum sem gerðar eru meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar. Niðurstöðurnar eru teknar saman og kynntar bæði fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni og síðan fyrir hvert og eitt fagsvið en ekki fyrir hvern starfsstað. Reykjavíkurborg framkvæmir ekki viðhorfskannanir meðal starfsmanna B-hluta fyrirtækja. Það er í höndum stjórnenda eða stjórna viðkomandi fyrirtækja að ákveða hvort og þá hvernig slíkar kannanir eru framkvæmdar. Mannauðsdeild hefur hvorki upplýsingar um það hvort slíkar kannanir séu framkvæmdar né aðgang að niðurstöðum þeirra, séu þær framkvæmdar. Ef slíkar kannanir eru framkvæmdar innan B-hluta fyrirtækja Reykjavíkurborgar og vilji fyrir því að fá kynningar á niðurstöðum þeirra þá ber að óska eftir því við stjórn fyrirtækjanna sem síðan taka afstöðu til þeirrar beiðni.

Ragnhildur Ísaksdóttir, starfsmannastjóri

